



Óveðursáætlun Tröllaborgar

Þegar vont er veður er skólastarfi í grunnskólunum oft aflýst en það á ekki alltaf við í leikskólunum þar sem foreldrar sjá sjálfir um að keyra börnin sín í leikskólann en ekki skólabílar.

Verklag við niðurfellingu skólahalds vegna slæmrar veðurspár

Ákvörðun um hvort fella skuli niður skólahald í leikskóla í Sveitarfélaginu Skagafirði vegna slæmrar veðurspár eða mikillar ófærðar er alla jafna í höndum fræðsluþjónustu og skólastjórnenda og yfirmann snjómoksturs hjá Sveitarfélaginu. Samráð skal einnig haft við sveitarstjóra og sviðsstjóra fjölskyldusviðs.

Þegar brýn ástæða þykir til getur Almannaþingarnefnd sveitarfélagsins og/eða Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra gefið fyrirmæli um að fella niður allt skólahald og loka skólum á einstaka stöðum í Skagafirði eða í öllum firðinum ef svo ber undir. Tilkynning/tilmæli þess efnis skal send til sveitarstjóra, sviðsstjóra fjölskyldusviðs og fræðslustjóra með sannanlegum hætti, svo sem tölvupósti eða sms.

Ef aflýst er skólahaldi í Tröllaborg:

- kemur tilkynning á facebooksíðuna.
- senda leikskólastjóri eða deildarstjórar sms til foreldra.

Ef óveður er og leikskóla ekki aflýst þá:

- láta foreldrar vita sem fyrst að morgni ef barnið mætir ekki í leikskólann.
- skynsamlegt er að hringja áður en komið er með barnið til að tryggja að starfsmaður sé mættur til að taka á móti barninu.